



AFTURELDING **110 ÁRA**



Birna Kristín Jónsdóttir er formaður Aftureldingar • Unnið að framtíðarskipulagi Varmárvæðisins

Ungmennafélagið Afturelding

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þessum 110 árum og þegar ég skoða söguna og fletti Dagrenningi, aldarsögu félagsins, fyllist ég fyrst og fremst stolti yfir að fá að taka þátt í og að móta sögu þessa merkilega félags. Það var framsækinn hópur fyrir 110 árum sem kaus sinn fyrsta formann konu, Guðrúnu Björnsdóttur 19 ára heimasætu í Grafarholti. Í þá daga var fundað á sunnudögum af því að það voru þeir dagar sem menn áttu fri til þess að sinna sjálfbodaliðastarfi, það mundi líklega ekki duga til í dag á þeim hraða sem þjóðfélagið er. Það er gæfa okkar í Aftureldingu að hafa eins öflugan hóp og raun ber vitni sem kemur að starfinu enda fjölbreytt með eindæmum með 11 deildir starfandi og ansi margar hendur sem koma þar að. Sjálfbodaliðinn er einmitt sá sem heldur félaginu okkar gangandi og er mér efst í huga þakklæti til allra þeirra sem hafa komið að og mótað starfið í þessi 110



ÍÞRÓTTASVÆÐIÐ AÐ VARMÁ Á FALLEGUM SUMARDEGI

ár, starfsmenn, iðkendur, stjórnmenn, foreldrar, stuðningsmenn, velunnarar og þjálfarar, þið eruð félagsauðurinn okkar og það er ykkur að þakka að við erum hér enn. Ekki má gleyma Mosfellsbæ sem útvegur okkur aðstöðuna, án hennar væri starfið ekki fjölbreytt. **Framtíðarskipulag Varmárvæðisins** Starfið í Aftureldingu í dag er öflugt og metnaðarfullt og framtíðin er björt. Það segir sig sjálf að þegar svo margar deildir eru starfandi er mikið og krefjandi verkefni að allir hafi aðstöðu við hæfi og að allar deildir og flokkar fái úthlutað æfingartíma sem hentar. Margt hefur verið gert af hálfu Mosfellsbæjar síðustu

„Það er unun að fylgjast með unga fólkinu okkar blómstra hvert á sínu sviði“

Unga fólkið blómstrar Það er unun að fylgjast með unga fólkinu okkar blómstra hvert á sínu sviði og gaman að geta keyrt saman svona öflugt starf bæði með uppeldis- og afreksstefnu að leiðarljósi. Það er líka ómetanlegt fyrir ungu iðkendurnar okkar að fá að fylgjast með ykkur sem eruð lengra komin og eruð í meistaraflokkum og jafnvel landsliðum, þið eruð stanslaust undir nálarauga þeirra yngri enda eruð þið þeirra fyrirmyndir. Mig langar enn og aftur að nota tækifærið og hvetja ykkur til að mæta á leiki og viðburði hjá félaginu, það er nóg pláss og svo er það bara svo gaman að koma saman og hvetja liðið sitt. Meðal markmiða félagsins í upphafi var að auka samhug og samheldni. Ég tel að við uppfyllum það markmið enn þann dag í dag en það er svo ótrúlega gaman þegar vel gengur í Aftureldingu þá hefur það svo góð samfélagsleg áhrif og smítar gleði út í bæjarfélagið okkar. Munum bara að þó að við eigum allar þessar deildir þá erum við öll Afturelding og saman erum við sterkari.

Áfram Afturelding! Birna Kristín Jónsdóttir, formaður Aftureldingar.

Haraldur Sverrisson bæjarstjóri óskar afmælisbarninu allra heilla • Ungmennafélagið gegnir mikilvægu hlutverki

Afturelding setur svip á bæjarlífið

Það var stórhuga fólk sem stóð að stofnun Ungmennafélagsins Aftureldingar fyrir eitt hundrað og tíu árum síðan. Síðan þá hafa störf og saga félagsins og Mosfellsveitar og síðar bæjar verið samofinn og samtvinnuð. Ungmennafélagið Afturelding hefur gegnt veigamiklu hlutverki í samfélagi Mosfellinga öll þessi ár. Við sem eldri erum munum eftir því hversu mikilvægt það var að fá að að iðka íþróttir og tómstundir á uppvaxtarárunum í sveitinni undir handarjaðri ungmenntafélagsins okkar. Við munum líka eftir samtakamættinum þegar grunnur var lagður að fyrsta íþróttahúsinu að Varmá með fjöldapátttöku félaga í Aftureldingu í sjálfbodavinnu. Nú þegar sveitin okkar hefur stækkað og dafnað og er orðin að bæ þá eru um 1.500 börn og unglingar sem njóta þjónustu þessa mikilvæga félags. Iðkendurnir ganga stoltir um bæinn sinn í fall-ega rauða búningi félagsins sem setur mikinn svip á

allt bæjarlífið. Árið 2018 samþykkti bæjarstjórn nýja framtíðarsýn fyrir Mosfellsbæ. Þar segir: Mosfellsbær er fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið bæjarfélag sem setur umhverfið í öndvegi og hefur þarfir og velferð íbúa að leiðarljósi. Það má með sannni segja að Ungmennafélagið Afturelding gegni mikilvægu hlutverki að rækta þessa framtíðarsýn bæði í nútíð og framtíð. Ljóst má vera að félagið tekur virkan þátt í að sinna þörfum og velferð íbúanna og að tryggja að bæjarfélagið sé fjölskylduvænt, heilsueflandi og framsækið. Svo má ekki gleyma forvarnarstarfinu sem félagið gegnir og því mikla sjálfbodastarfi sem sinnt er því samfara. Að undaförnu hefur verið unnið mikið starf til að bæta aðstöðu þessa síunga félags að Varmá. Skipt hefur verið um gras á gervigrasvelli félagsins, ný gólfefni lögð á íþróttagólf íþróttahúsanna og hafin er bygging á fjölnota knattúsi sem tekið verður í notkun í haust. Það

er eitt af forgangsverkefnum sveitarfélagsins að halda áfram að byggja upp og bæta aðstöðu Aftureldingar á komandi árum. Nýlega var stofnaður formlegur samstarfsvettvangur Aftureldingar og Mosfellsbæjar um uppbyggingu mannvirkja að Varmá. Þar hafa komið fram óskir um að á næstu misserum verði gert skipulag til framtíðar og framkvæmdum forgangsraðað til næstu ára og áratuga. Það er mikilvægt að slíkt verkefni verði að veruleika og mundi gagnast Aftureldingu vel sem og öllum Mosfellingum. Með þessum orðum vil ég árna afmælisbarninu allra heilla og lýsa því yfir að það er einlægur vilji Mosfellsbæjar að hin góða samvinna Aftureldingar og bæjarins muni vara um ókomna framtíð.

Haraldur Sverrisson, bæjarstjóri.

110 ÁRA AFMÆLISBLAÐ AFTURELDINGAR UNNIÐ Í SAMVINNU VIÐ MOSFELLING
Ábyrgðarmaður: Jón Júlíus Karlsson framkvæmdastjóri Aftureldingar. Texti: Ívar Benediktsson og Jón Júlíus. Umbrot: Hilmar Gunnarsson. Ljósmyndir: Raggi Óla o.fl.
Afmælisnefnd UMFA skipuðu: Birna Kristín Jónsdóttir, Geiraður Long, Hilmar Gunnarsson, Ívar Benediktsson, Jón Júlíus Karlsson, Kolbrún Þorsteinsdóttir, Kristrún Kristjánsdóttir og Þórdís Sveinsdóttir.

Gunna Stína hefur verið vakin og sofin yfir starfi deildarinnar

Ég er rosalega stolt af blakdeildinni

Guðrún Kristín Einarisdóttir hefur verið formaður blakdeildar Aftureldingar í 19 ár af þeim 20 sem hún hefur verið starfandi. Blakdeildin fagnar 20 ára afmæli í ár. Um þessar mundir eru 20 ár liðin síðan hópur kvenna kom saman hér í bæ og stofnaði blakdeild Aftureldingar. Í upphafi var markmið þeirra að koma saman til æfinga einhver skipti í viku, stunda holla og góða hreyfingu í skemmtilegum félagsskap. Með stofnun deildarinnar varð til regnhlíf yfir áhugamál hópsins. Fjótlega vatt starfið í deildinni upp á sig og varð mikið umfangsmeira og um leið blómlegra. Í dag sameinast í deildinni afreksíþróttir, þjálfun barna og unglinga auk almenningsíþróttastarfs.

Norðfirðingurinn Guðrún Kristín Einarisdóttir, sem ævinlega er kölluð Gunna Stína, hefur verið vakin og sofin yfir kraftmiklu starfi blakdeildarinnar nær því frá stofnun. „Ég byrjaði að æfa blak með stelpunum haustið 1999 og fór fjótlega að skipta mér af málum af því að ég hef alltaf haft áhuga á félagsmálum. Þegar kom að aðalfundi hafði ég út á eitt og annað að setja. Þess vegna var skorad á mig að gefa kost á mér sem formaður deildarinnar. Ég sló til og hér er ég enn 19 árum síðar,“ segir Gunna Stína við tíðindamann í spjalli yfir kaffibolla á heimili hennar. „Þótt ég væri frá Norðfirði þá hafði ég aldrei æft blak fyrr en ég flutti í Mosfellsbæ. Blakbakterían hafði ekki borist austur þegar ég ólst þar upp. Þórey systir mín sem er 11 árum yngri hafði hins vegar komist í kynni við blakið heima og dró mig með sér á æfingar hjá Aftureldingu. Þá var ég orðin 38 ára gömul. Ég var í handboltanum þegar ég var yngri,“ sagði Gunna Stína.

Öldugamót lagði grunn að barnastarfi Árið 2002 var deildin og Mosfellsbær gestgjafi hins rötgróna og árlega öldungamóts í blaki í fyrsta sinn. Með þrotlausri vinnu og glæsilegri íþróttaaðstöðu að Varmá var mótahaldið fært upp á nýtt stig. „Á þessum tíma hafði ekkert félag haft eins góða aðstöðu fyrir mótíð og við. Við vorum með níu velli undir þaki sem keppt var á alla mótisdagana frá morgni og fram á kvöld,“ sagði Gunna Stína og bætir við. „Við fengum að halda öldugamótið með því skilyrði



BLAKDEILDIN FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI Í ÁR

að deildin kæmi á laggirnar barna- og unglingastarfi. Á þessum tíma var deildin borin uppi af 12 konum. Okkur var úthlutað mótinu og upp úr því fór barna- og unglingastarfið af stað. Þá fór boltinn að rúlla af alvöru,“ sagði Gunna Stína kímín. Öldungamótin í blaki sem standa yfir í þrjá keppnisdaga hafa verið haldin hvert vor í áratugi og eru með fjölmennustu íþróttamótum sem haldin eru hér á landi. Blakdeild Aftureldingar var gestgjafi mótsins á ný 2010 og aftur 2017.

Meistararlið á fyrstu leiktið Árið 2011 var komið að öðrum tímamótum í sögu deildarinnar þegar ákveðið var að fara af stað með keppnislið í meistaraflokki kvenna í úrvalsdeildinni. Hjónin Miglena og Apostol Apostolov fluttu í Mosfellsbæ eftir að hafa lýft grettistaki í blakíþróttinni á Norðfirði um árabil. Þau tóku að sér þjálfun auk þess sem Miglena lék með Aftureldingu. „Strax fyrsta árið varð lið okkar meistari og þremur árum síðar vann liðið þrefalt, deildina, bikarinn og Íslandsmeistaratitilinn.

Unnum allt sem hægt var að vinna en samt varð liðið ekki lið ársins hjá Aftureldingu sem var mjög sérstakt,“ sagði Gunna Stína. Árið 2012 sendi Afturelding lið til keppni í úrvalsdeild karla í fyrsta sinn. Fimm árum síðar varð Afturelding bikarmeistari bæði í karla- og kvennaflokki. „Það var rosalega stór og flottur árangur hjá deildinni,“ segir Gunna Stína.

„Þótt ég væri frá Norðfirði þá hafði ég aldrei æft blak fyrr en ég flutti í Mosfellsbæ.“

Nýtt gólf bylting fyrir blakdeildina Bylting varð í æfingaaðstöðu í vetur þegar skipt var um gólfefni á gamla salnum í íþróttahúsinu að Varmá. Gunna Stína segir ekki hægt að bera þetta saman. „Ég er rosaleg stolt af blakdeildinni vegna þess að mér finnst við hafa unnið gott starf frá upphafi. Um leið hefur okkur borið gæfa að vinna vel saman því það er ekkert einfalt að fá fólk sem vill æfa öldublak í nokkur skipti í viku til þess að vinna við að halda úti barna- og unglingastarfi og koma á fót meistaraflokksliðum. Það leggja allir sitt af mörkum. Deildin er ekki stór en samstaða, dugnaður og metnaðurinn er mikill,“ segir hin eina sanna Gunna Stína.

Elvar Ásgeirsson er á leið til TVB 1898 Stuttgart • Stefni á landsliðið

Alltaf dreymt um að spila í Búndeslígunni

Handknattleiksmaðurinn Elvar Ásgeirsson hefur samið við þýska efstudeildarliðið TVB 1898 Stuttgart til tveggja ára. Hann yfirgefur Aftureldingu eftir núverandi keppnistímabil og flytur til Þýskalands og verður um leið fyrsti uppaldi handknattleiksmaður deildarinnar til þess að fara beint frá Aftureldingu til liðs í þessari sterkustu deildarkeppni heims. Áður hafa handknattleiksmenn sem leikið hafa með Aftureldingu farið héðan til Þýskalands. Má þar nefna Róbert Sighvatsson, Pál Þór-ólfsson og Jason Kristinn Ólafsson. Enginn þeirra byrjaði þó æfingar hjá Aftureldingu heldur komu hingað upp úr starfi annarra félaga.

„Búndeslígan verður mikið stökk“

Elvar er 24 ára gamall og hefur alla tíð leikið með Aftureldingu. Hann hefur síðustu árin verið einn burðarása meistaraflokksliðsins og var markahæsti leikmaður liðsins í Ólis-deildinni í vetur. „Mig hefur dreymt um leika í þýsku búndeslígunni síðan ég var lítill svo segja má að draumur ræstist með þessu samkomulagi,“ sagði Elvar eftir að hafa skrifað

undir samninginn við Stuttgart sem situr um miðja þýsku 1. deildina. „Ég er gríðarlega ánægður með að hafa náð samkomulagi við Stuttgart. Ég geri mér grein fyrir að það verður mikið stökk fyrir mig að fara úr deildinni hér heima og í harðan heim í þýska handboltanum. Ég verð að leggja hart að mér á næstu vikum og mánuðum til þess að stimpla minn í deildina þegar ég mæti til leiks.“

Á vonandi betri möguleika á landsliðssæti Elvar hefur leikið með B-landsliðinu og eins tók hann þátt í nokkrum æfingum A-landsliðsins á milli jóla og nýárs. Hann vonast til þess að þegar hann verður orðinn leikmaður Stuttgart og byrjaður að leika í sterkari deild eigi hann meiri möguleika á fá tækifæri með landsliðinu. „Ég vonast til þess að takist mér vel upp hjá Stuttgart eigi ég betri möguleika á að fá að láta ljós mitt skína með landsliðinu. Vonandi tekst mér að stíga framfaraskref í Þýskalandi, það er að minnsta kosti stefnan,“ sagði Elvar Ásgeirsson, handknattleiksmaður hjá Aftureldingu og verðandi atvinnumaður hjá þýska liðinu TVB 1898 Stuttgart.



ELVAR YFIRGEFUR AFTURELDINGU EFTIR TÍMABIL

Jóhann Guðjónsson og Bjarki Sigurðsson rifja upp skemmtilega tíma • Blaðamaðurinn Ívar Ben ræddi við þá

Mesta afrek í sögu Aftureldingar

20 ár liðin frá því Gullliðið vann þrefalt

Í vor verða 20 ár liðin frá því að karlaðið Aftureldingar í handknattleik sópaði að sér öllum sigurlaunum sem voru í boði í íslenskum handknattleik. Afturelding var bikarmeistari í febrúar, deildarmeistari mánuði síðar og undir lok apríl lyftu Aftureldingarmenn Íslandsmeistarabikarnum í fyrsta og jafnframt eina skipti til þessa.

Afturelding lagði FH-inga með þremur vinningum gegn einum í úrslitarímmunni. Bjarki Sigurðsson, fyrirlíði, tók við Íslandsmeistarabikarnum í Kapla-krika sunnudagskvöldið 25. apríl við ærandi fögnuð sennilega um eitt þúsund Mosfellinga sem flyktust á leikinn til að styðja lið sitt með ráðum og dád.

„Ég man alltaf eftir ferðinni heim í Mosó eftir leikinn. Við fengum lögregluþygd inn í bæinn og á móti okkur tók gríðarlegur fjöldi fólks við Hlégarð þegar við mættum með bikarinn. Þetta var einstök stund sem verður ævinlega ofarlega í minningunni,“ sagði Bjarki þegar hann spallaði við töföndamann á dögnum.

Lokaleikinn í rímmunni vann Afturelding 25:23, þar sem Bjarki var markahæstur með níu mörk. „Ég held að þetta sé eitt mesta ef ekki mesta afrek nokkurs liðs Aftureldingar í sögu félagsins,“ sagði Jóhann Guðjónsson sem var formaður handknattleiksdeildar Aftureldingar frá 1991 til 2003.

„Áhuginn var gríðarlegur í bænum og fullt hús var á öllum leikjum og auk þess sem við vorum með trausta stuðningsmannasveit.“

„Þetta vannst ekki fyrir tilviljun“

Jóhann var vakinn og sofinn yfir deildinni árum saman en með honum og samverkmonnum hans var lyft grettistaki í handknattleiknum í Mosfellsbæ á tunda áratug síðustu aldar. „Þetta vannst ekki fyrir tilviljun. Aðdragandinn var langur og margt hafði verið gert á árunum á undan til að byggja upp liðið allt frá því að við fórum upp í efstu deild vorið 1993 með Guðmundur Guðmundsson núverandi landsliðsþjálfara sem þjálfara Aftureldingar,“ sagði Jóhann og benti á fyrsti stóri titilinn hafi unnist 1997 þegar Afturelding varð deildarmeistari í efstu deild karla. „Við unnum markvisst að því að ná þessu takmarki að verða Íslandsmeistarar en þessa tilteknu leiktíð féllu öll þúslin saman.“

Fæðing gullliðsins 1999 var ekki auðveld því þótt Afturelding hafi á árunum á undan verið með eitt besta handknattleikslið landsins þá kvarnaðist úr hópnum eftir hvert tímabil. Leikmenn réru á önnur mið, ekki síst fóru þeir til Evrópu. Til dæmis yfirgafu átta sterkir leikmenn frá Aftureldingu eftir tímabilið vorið 1998. Ýmist lögðu þeir skóna á hilluna góðu eða gengu til liðs við félagslið í Evrópu eða þá til annarra liða á Íslandi.

Litháarnir reyndust happafengur

„Satt best að segja var útlitið ekki bjart um sumarið 1998 þegar við voru byrjaðir að æfa. Sárafaír leikmenn voru á æfingum og ekki margt sem benti til þess að við



JÓI OG BJARKI ÁTTU STÓRAN ÞÁTT Í VELGENGNI AFTURELDINGAR Í KRINGUM ALDAMÓTIN

yrðum með samkeppnishæft lið. Vissulega var talsvert af ungum og efnilegum strákum í hópnum en fleiri reynda leikmenn vantaði,“ sagði Bjarki. Jóhann tekur undir það og segist vel muna efti að hafa fengið samtal frá Skúla Gunnsteinssyni þjálfara þegar leið á sumarið þar sem Skúli hafði þungar áhyggjur af því að eiga ekki í lið um haustið ef fram héldi sem horfði. Skúli var þá á öðru ári sem þjálfari Aftureldingar. „Ég sagði Skúla að hafa ekki nokkrar áhyggjur. Við í stjórninni skyldum sjá um að fá leikmenn. Hann ætti bara að þjálf,“ sagði Jóhann.

„Það fór að rofa til þegar leið fram á sumarið. Hafsteinn Hafsteinsson kom til okkar og síðan Litháarnir Gintaras Savukynas og Gintas Galkauskas. Þeir reyndust okkur sannkallaður happafengur. Savukynas

var leikstjórnandi og við náðum alveg einstaklega vel saman. Það var eins hugur okkar væri einn og hinn sami. Sennilega var það lykllinn að sóknarleik okkar allt tímabilið,“ sagði Bjarki. „Alexei Trúfan og Galkauskas bundu síðan saman vörnina en að baki henni stóð landsliðsmarkvörðurinn Bergsveinn Bergsveinsson vaktina.

Þegar út í mótið var komið þá voru við með hörkugott lið en hópurinn var ekki breiður og við máttum alls ekki við miklum áföllum. Sem betur fer komumst við áfallalítið í gegnum veturinn en það var hætt við að það hefði verið á brattann að sækja ef margir hefðu meiðst alvarlega,“ sagði Bjarki.

Afturelding vann 16 af 22 leikjum sínum í deildinni, gerði tvö jafntefli og tapaði fjórum viðureignum. Stjarnan varð í öðru sæti fjórum stigum á eftir. ÍBV hafnaði í þriðja sæti 10 stigum frá Aftureldingu. Bjarki varð markakóngur deildarinnar með 169 mörk, skoraði 14 mörkum meira en stórskyttan Sigurður Valur Sveinsson sem lék þennan vetur með HK.

Mark Bergsveins vendipunkturinn í bikarleiknum Rimma Aftureldingar og FH um Íslandsmeistaratitilinn var ekki eina einvígi liðanna á þessu tímabilið því lið félaganna léku einnig til úrslita í bikarkeppninni í Laugardalshöll laugardaginn 13. febrúar. Með frábærum síðari hálfleik vann Aftureldingarliðið úrslitaleikinn með fimm marka mun, 26:21.

„Mark Bergsveins markavarðar okkar yfir endilangan völlinn í jafnri stöðu í síðari hálfleik var vendipunktur í úrslitaleiknum að mínu mati. Markið slökkti alveg á FH-liðinu,“ sagði Bjarki. Og Jóhann rifjar upp frá sama leik að séra Pálmi Matthíasson prestur hafi komið að máli við sig í hálfleik en þá var Aftureldingarliðið undir og sagt að það blési ekki byrlega fyrir



SIGURÐUR SVEINSSON, JÓN ANDRI FINNSSON OG BJARKI SIGURÐSSON

ÍSLANDSMEISTARALIÐ UMFA

» Eftirtaldir voru í Íslandsmeistaraliði Aftureldingar: Ásmundur Einarsson, Bergsveinn Bergsveinsson, Jóhannes Lange og Sólvi Már Margeirsson voru markverðir. Aðrir voru Alexei Trúfan, Bjarki Sigurðsson, Einar Gunnar Sigurðsson, Gintaras Savukynas, Gintas Galkauskas, Hafsteinn Hafsteinsson, Haukur Sigurvinnson, Hilmar Stefánsson, Jón Andri Finnsson, Magnús Már Þórðarson, Maxime Trúfan, Niels Einar Reynisson og Sigurður Sveinsson. Þjálfari var Skúli Gunnsteinsson og aðstoðarþjálfari mágur hans, Siggeir Magnússon. Óskar Jón Helgason var sjúkrapjálfi og Matthías Árni Guðmundsson var liðsþjóri.

Aftureldingarliðið. „Ég sagði Pálma að það hentaði okkur betur að vera undir og þess vegna litist mér vel á stöðuna. Hvort Pálmi fylgdi okkur eða FH að málum veit ég ekki en við snerum taflinu við í síðari hálfleik og unnum sannfærandi sigur.“

Bjarki var sóttur til Drammen

Að margra mati var koma Bjarka til Aftureldingar sumarið 1998 einn stærsti þátturinn í að Afturelding

náði þessum einstaka árangri á fyrri hluta ársins 1999. Bjarki hafði farið á kostum með Drammen veturinn 1997-98 og hélt uppteknum hætti leiktíðina 1998-99 með Aftureldingu og var besti leikmaður Íslands mótsins.

„Ég var í sambandi við Bjarka allan veturinn sem hann var hjá Drammen enda kynnst honum vel árin sem hann var hjá okkur fyrir Noregsvölina. Þegar kom fram í ársbyrjun 1998 heyrði ég á Bjarka að hann var ekki sáttur í Drammen þótt honum gengi vel inni á leikvöllum.

Þegar komið var undir vor var ég á leið í bæinn á fimmtudegi eftir að hafa verið í snjósleðaferð. Þá

hringdi ég í Einar Pál Kjærnested sem þá var framkvæmdastjóri handknattleiksdeildarinnar og sagði honum að við tveir værum á leið til Drammen morguninn eftir. Ég væri á leið niður í Kringlu á söluskrifstofu Flugleiða að kaupa tvo flugmiða fyrir okkur. Við fórum út morguninn eftir, sömdum við Bjarka á laugardegnum og héldum svo heim til Íslands.

Bjarki flutti heim í Mosfellsbæ með fjölskylduna um sumarið og hefur verið þar síðan eins og fleiri leikmenn sem léku með okkur á þessum árum,“ sagði Jóhann og bætti við:

„EKKI löngu eftir að við sömdum við Bjarka hafði Alfreð Gíslason samband við mig en hann var þá að taka við þjálfun Magdeburg í Þýskalandi. Hann vildi fá Bjarka til sín. Ég sagði við Alfreð að það væri ekkert mál ef félag hans vildi greiða Aftureldingu 10 milljónir króna fyrir. Ekkert varð af kaupunum.“

20 ára afmæli Gullliðsins fagnað

Jóhann og Bjarki segjast minnst þessa árs með gleði í huga. Aðeins góðar minningar standi eftir nú 20 árum síðar. Til stendur að hópurinn komi saman í vor eða í byrjun sumars að sögn Bjarka til að halda upp á áfangann. Góðar vonir standi til þess að svo að segja allir mæti, m.a. Litháarnir tveir, Gintaras Savukynas og Gintas Galkauskas sem búa ekki lengur hér á landi.

„Þessi ár voru skemmtileg, ekki síst meistaratímabilið. Áhuginn var gríðarlegur í bænum, fullt hús á öllum leikjum og við vorum með trausta stuðningsmannasveit sem lét mikið að sér kveða,“ segir Jóhann og bætir við.

„Þess utan voru við afar trausta bakhjarla að deildinni sem voru Bjarni Ásgeir Jónsson og fyrirtæki hans Holtakjúklingur og Örn Kjærnested sem átti Áltárós á þessum árum. Þeir voru

burðarásar í fjárhagsstuðningi við deildina. Án þeirra framlaga hefði þetta ekki verið hægt. Fleiri fyrirtæki í bænum komu að og segja má að allir hafi lagst á árar með okkur á þessum árum enda var árangurinn samkvæmt því,“ sagði Jóhann Guðjónsson.

ÍÞRÓTTAFÓLK AFTURELDINGAR



1975	Lárus Halldórsson	handknattleiksmaður
1976	Jón P. Sverrisson	frjálsíþróttamaður
1977	Þorvaldur Hreinsson	knattspyrnumaður
1978	Inga Úlfssdóttir	frjálsíþróttakona
1979	Emil B. Karlsson	handknattleiksmaður
1980	Sigrún Guðný Markúsdóttir	frjálsíþróttakona
1981	Sigurjón Eiríksson	handknattleiksmaður
1982	Steinar Tómasson	handknattleiksmaður
1987	Heiða Björg Bjarnadóttir	frjálsíþróttakona
1988	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1989	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1991	Hrafnhildur Hákonardóttir	sundkona
1992	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1993	Róbert Sighvatsson	handknattleiksmaður
1994	Fríða Rún Þórðardóttir	frjálsíþróttakona
1995	Silja Rán Ágústsdóttir	knattspyrmkona
1996	Gunnar Steinþórsson	sundmaður
1997	Rafn Arnason	frjálsíþróttamaður
1998	Rafn Arnason	frjálsíþróttamaður
1999	Bjarki Sigurðsson	handknattleiksmaður
2000	Gintaras Savukynas	handknattleiksmaður
2001	Geir Rúnar Birgisson	knattspyrnumaður
2002	Sigurjón Jóhannsson	badmintonmaður
2003	Einar Ingi Hrafnsson	handknattleiksmaður
2004	Halldór Lárusson	frjálsíþróttamaður
2005	Halldór Lárusson	frjálsíþróttamaður
2006	Brynja Finnsdóttir	frjálsíþróttakona
2007	Hilmar Stefánsson	handknattleiksmaður
	María Rannveig Guðmundsdóttir	knattspyrmkona
2008	Paul Clapson	knattspyrnumaður
	Telma Rut Frimannsdóttir	karatekona
2009	Kristján Helgi Carrasco	karatemaður
	Telma Rut Frimannsdóttir	karatekona
2010	Kristján Helgi Carrasco	karatemaður
	Sigríður Þóra Birgisdóttir	knattspyrmkona
2011	Sigurgeir Thoroddsen	frjálsíþróttamaður
	Telma Rut Frimannsdóttir	karatekona
2012	Wentzel Steinnar Ragnarsson	knattspyrnumaður
	Lára Kristín Pedersen	knattspyrmkona
2013	Jóhann Jóhannsson	handknattleiksmaður
	Telma Rut Frimannsdóttir	karatekona
2014	Örn Ingi Bjarkason	handknattleiksmaður
	Zaharina Filipova	blakkona
2015	Pétur Júníusson	handknattleiksmaður
	Telma Rut Frimannsdóttir	karatekona
2016	Árni Bragi Eyjólfsson	handknattleiksmaður
	Thelma Dögg Grétarsdóttir	blakkona
2017	Guðmundur Ágúst Thoroddsen	frjálsíþróttamaður
	Thelma Dögg Grétarsdóttir	blakkona
2018	Andri Freyr Jónasson	knattspyrnumaður
	María Guðrún Sveinbjörnsdóttir	tækwondokona

HJÓLADEILD AFTURELDINGAR

Breiður aldurshópur í hjóltreidum

Ný deild var stofnuð innan Aftureldingar á árinu 2018 þegar hjóladeild Aftureldingar var sett á laggrinnar. Um 70 manns fylltu Vallarhúsið að Varmá þegar kynningarfundur fyrir deildina var haldin í apríl fyrir rétt rúmu ári. Nokkrum dögum síðar hóf deildin starfsemi með sinni fyrstu æfingu þann 28. apríl. „Við vorum með 39 skráða iðkendur á fyrsta starfsári. Deildin hefur breiðan hóp félagsmanna á aldrinum 16-60 ára, allt frá keppendum í fremstu röð til áhugamanna sem hafa gaman af því að hjóla í góðum félagskap,“ segir Elías Nielsson, formaður deildarinnar. Stærsta verkefni ársins hjá deildinni var skipulag á Fellahringnum í samstarfi við Mosfellsbæ en þar er keppt í fjallahjóltreidum. Þátttakendur í ár voru um 130 og stækkar mótið ár frá ári. „Markmiðið í ár er að stækka deildina, fá inn fleiri iðkendur og fjölga æfingum. Einnig er stefnt að því að fá vana hjóltreidamenn til að halda námskeið í bæði fjalla- og götuþjóltreidum. Í september munum við halda fyrsta fjallahjólámót deildarinnar undir merkjum HRÍ. Það eru mjög spennandi tímar fram undan.“



TIL HAMINGJU!

Mosfellsbær óskar Aftureldingu til hamingju með 110 ára afmælið.

MOSFELLSBÆR



Ungir knattspyrmenn að loknum kappleik árið 1986. Ávallt hefur mikil rækt verið lögð við barna- og unglingastarf Aftureldingar. Lengi býr að fyrstu gerð.



Íþróttahúsið við Varmá var reist árið 1976. Húsið var geysimikil lyftistöng fyrir allt íþróttalíf í Mosfellshreppi.



Frá upphafi voru sett upp leikrit á vegum Ungmennafélagsins Aftureldingar. Hér má sjá svipmynd úr Grænu lyftunni sem sýnd var í Hlégarði árið 1958. Frá vinstri: Reynir Guðjónsson, Einar Kristjánsson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Vigdís Valdimarsson og Arnís Jakobsdóttir.



Félagar úr Aftureldingu og Drengi leiddu oft saman hesta sína í glímukeppnum. Hjá Drengi voru bræðurnir Njáll og Davíð Guðmundssynir frá Miðdal í Kjós framarlega í flokki og má sjá þá lengst til vinstri.



Stjórn Aftureldingar á 60 ára afmæli félagsins. Lísa Einarisdóttir, Guðmundur Magnússon, Birgir Sigurðsson, Gunnar R. Magnússon og Ásgeir Indriðason.



Handknattleikslíð Aftureldingar á Hálogalandi árið 1949. Aftari röð frá vinstri: Janus Eiríksson, Einar Jónsson, Gunnar Bjarnason, Sveinn Guðmundsson, Árni Reynir Hálfánarson, Þórður Guðmundsson, Jón M. Guðmundsson, Ásbjörn Sigurjónsson, Guðjón Hjartarson, Tómas Lárusson, Magnús Lárusson og Jón Þórarinnsson þjálfari. Fremri röð frá vinstri: Rúnar Ólafsson, Freyja Norðdahl, Ingunn Finn-bogadóttir, Skúli Skarphéðinsson, Gerður Lárusdóttir, Halldór Sigurðsson, Valgerður Guðmundsdóttir og Hreinn Ólafsson.



Halldór Laxness les úr verkum sínum á 40 ára afmæli UMFA í Brúarlandi árið 1949.

Eftirminnilegar myndir úr starfi Aftureldingar í gegnum árin

UNG MENNAFÉLAG FRÁ ÁRINU 1909

- Ungmennafélagið Afturelding var stofnað að Lágafelli 11. apríl árið 1909 eftir páskamessu í Lágafellskirkju en þá hafði Ungmennafélagshreyfingin nýlega tekið til starfa hérlendis.
- Eins og sést á svipmyndunum hér til hliðar hefur blómlegt íþróttalíf verið stundað innan Ungmennafélagsins í rúma öld.
- Í ár, þegar Afturelding fagnar afmæli sínu, eru iðkendur rúmlega 1.600.
- Innan Aftureldingar starfa nú 11 deildir: badmintondeild, blakdeild, fimleikadeild, frjálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, körfuknattleiksdeild, sunddeild, taekwondodeild og hjóladeild.



Sigurlið UMFSK í handknattleik á landsmóti á Eiðum 1952. Aftari röð: Guðjón Hjartarson Álafossi þjálfari, Hrafnhildur Ágústsdóttir Hækingsdal, Gerður Lárusdóttir Tröllagili, Þuríður Hjaltadóttir Æsustöðum, Svava Ingimundardóttir Hrisbrú og Unnur Inga Pálsdóttir Grjóteyri. Fremri röð: Herdís Jónsdóttir Blönduholti, Ragna Lindberg Flekkudal, Marta María Hálfánardóttir Mosfelli, Sóley Tómasdóttir Meðalfelli og Kristín Þorkelsdóttir Reykjahlö.



Guðrún Björnsdóttir, fyrsti formaður ungmennafélagsins Aftureldingar.



Ylvolg Varmá í Álafosskvos notuð til sundiðkunar á þriðja áratugnum.



Bergsveinn Bergsveinsson hampar Íslandsmeistararitinum 1999.



Stúlkurnar úr 4. flokki Aftureldingar urðu Íslandsmeistarar í hópfimleikum árið 2016.



Um miðjan áttunda áratuginn var stofnuð vélhjóladeild innan Aftureldingar.



Goggi Galvaski var fastur gestur á frjálsíþróttamótum að Varmá á áratugi.



Meistaraflokkur kvenna í blaki varð bikar-, deildar- og Íslandsmeistari árið 2016. Á myndinni sjást Rósborg, Sigdís Lind, Thelma Dögg, Karen Björg og Guðrún fagna frábærum vetri í blakinu.



Fræknir knattspyrmenn eftir leik á Tungubökkum á áttunda áratug síðustu aldar.



Þorgeir Jónsson var einn frækasti íþróttamaður Aftureldingar á sinni tíð og var kenndur við Gufunes þar sem hann bjó.



Árið 2014 var tekið í notkun nýtt fimleika- og bardagahús að Varmá.



Fríða Rún Þórðardóttir var mikil afrekskona í frjálsum íþróttum. Fríða Rún hefur verið valin íþróttamaður Aftureldingar fjórum sinnum.



40 ára afmæli árið 1949. Forystumenn, gestir og stofnendur UMFA á hátíðarhöldum í Brúarlandi.

Axel Óskar Andrésson fór 16 ára í atvinnumennskuna • Spilar nú í Noregi eftir fjögur ár hjá Reading

Ég á Aftureldingu mikið að þakka

Knattspyrnumaðurinn Axel Óskar Andrésson hleypti heimdraganum aðeins 16 ára gamall. Eftir að hafa leikið upp yngri flokka Aftureldingar gerði hann samning við enska knattspyrnliðið Reading og gekk til liðs við lið félagsins eftir að hafa leikið 11 leiki með meistara-flokki Aftureldingar framan af sumri. Hann sér ekki eftir ákvörðun sinni.

Nú þegar Axel lítur í baksýnispegilinn segist hann hafa farið út á hárréttum tíma. „Vissulega er það einstaklingsbundið hvenær það hentar hverjum og einum að taka svo stórt stökk sem ég tók en ég er viss um að ég tók mitt stökk á réttum tíma þótt fyrstu skrefin hafi verið erfið,“ sagði Axel í samtali við tíðindamann á dögnum.

„Ég á Aftureldingu mikið að þakka og þá ekki síst Bjarka Má Sverrissyni. Hann hjálpaði mér mikið. Þær voru margar morgunæfingarnar sem hann tók með mér, ekki síst til þess að bæta tæknina hjá mér. Ég var aldrei tæknilega bestur í yngri flokkunum en vann það upp á öðrum sviðum. Eins leiðbeindi Áspór Sigurðsson mér mikið í gegnum yngri flokkana,“ sagði Axel og minnst einnig með hlýju þess skamma tíma sem hann æfði undir stjórn Atla Eðvaldssonar fyrri hluta ársins 2014. „Atli hafði trú á mér og gaf mér óhikað tækifæri með meistaraflokki.“

Fór á reynslu til Chelsea og Ajax

Axel vakti ungur athygli erlendra félaga. Áður en hann gekk til liðs við Reading hafði hann kynnt sér aðstæður hjá enska liðinu Norwich auk þess sem Chelsea og Ajax í Hollandi voru meðal áhugasamra. „Niðurstaðan var sú að okkur leist best á akademíuna hjá Reading og ég samdi við hana um að koma út í nýtt umhverfi. Viðbrigðin voru mikil og stökkíð mjög stórt. Fyrir vikið gekk mér ekki vel fyrsta árið enda margt nýtt sem ég þurfti að læra. Meðal annars skildi ég þjálfarann illa vegna sérstaks hreims sem hann hafði en allt kom þetta með tímanum og þolinmæðinni,“ sagði Axel sem lék sinn fyrsta leik með aðalliði Reading fyrri hluta ársins 2017.

Síðar sama ár meiddist hann illa á ökkla og var frá keppni í sjö mánuði. Í millitíðinni var þjálfarinn sem hafði gefið honum tækifæri með A-liðinu látinn axla sín skinn. Við tók annar maður sem ekki hafði sömu trú á Axel og forverinn.

Í lykilhlutverki í Noregi

Eftir fjögur ár hjá Reading var Axel Óskar lánaður til Víkings í Stafangri í Noregi á síðasta sumri. „Ég vildi bara fá að spila og sá að ég var ekki að fá tækifæri hjá Reading. Þess vegna var ekkert annað að gera en reyna fyrir sér annars staðar og komast á lán þar sem ég var samningsbundinn Reading,“ sagði Axel og féll strax inn í myndina hjá Víking og lék stórt hlutverk hjá liðinu sem vann næstefstu deild



og tryggði sér sæti í úrvalsdeildinni eftir tímabilið sem lauk í nóvember á síðasta ári.

„Mér og liðinu gekk afar vel, svo vel að í lok keppnistímabilsins var ég valinn í lið ársins í deildinni,“ sagði Axel sem líkar vistin svo vel hjá Víking að hann skrifaði rétt eftir áramót undir þriggja ára samning við félagið

auk þess að festa kaup á íbúð í Stafangri.

„Ég hafði úr ýmsum kostum að velja. Ég gat haldið áfram hjá Reading eða að fara til Hollands til dæmis. Ég kaus að vera áfram hjá Víking og þar að spila í viku hverri í

stað þess að vera kannski í ungmenningarliði á Englandi. Mér er líka ætlað stórt hlutverk áfram hjá Víking eftir síðasta keppnistímabil. Ég er spennur og hlakka til að takast á við fótboltann í norsku úrvalsdeildinni. Svo er fínt að búa í Noregi. Segja má að Noregur sé eins og Ísland á sterum,“ sagði Axel í glettni.

Þegar Axel fór til Englandis fyrir fimm árum fluttu foreldrar hans, Andrés Guðmundsson og Lára Berglind Helgadóttir, með honum út ásamt yngri bræðrum Axels, Jökli og Erni. Jökull er 18 ára og hefur getið sér gott orð sem markvörður. Hann leikur nú með U23 ára liði Reading á Englandi og býr með móður sinni ytra en Andrés sem er eigandi Skólahreystisverkefnisins heldur nú heimili á Íslandi með yngsta syninum Erni.

Stefnir á sæti í A-landsliðinu

Aðeins 15 ára gamall var Axel Óskar valinn í U17 ára landslið Íslands. Síðan hefur hann átt fast sæti í yngri landsliðunum, U19 og U21 árs. Axel lék sinn fyrsta A-



landsleik gegn Svíum í vináttuleik þjóðanna í Katar 11. janúar sl. Hann kom þá inn á sem varamaður. Fjórðum dögum síðar var Axel í byrjunarliðinu í vináttulandsleik við landslið Eistlands sem einnig fór fram í Doha í Katar.

„Ég met möguleika mína á sæti í A-landsliðinu innan ekki svo langs tíma vera góða,“ sagði Axel Óskar sem er einbeittur og ákveðinn í ástund sinni og sannkölluð fyrirmynd ungra knattspyrnukrakka hjá Aftureldingu. Axel Óskar hefur sýnt hversu langt er hægt að ná með vilja, dugnaði og aga. Þá er hægt að láta draumana rætast.

„Samvinna og virðing skapa gott félagslíf og veita gleði og útrás fyrir sköpun og hreysti á líkama og sál.“

Kæru vinir! Ég ítreka hamingjuóskir til félagsins og hlakka til að fylgjast með starfinu í komandi framtíð. Félagi sem allir Mosfellingar geta verið stoltir af.

Valdimar Leó Friðriksson
Formaður UMSK



Fyrsta laugardag í þorra er slegið upp veislu í íþróttahúsinu að Varmá

Þorrablótið er stærsta fjáröflun Aftureldingar

„Það var mikið gæfuspor fyrir Aftureldingu þegar okkur tókst að endurvekja þorrablótið,“ segir Rúnar Bragi Guðlaugsson, forseti þorrablótsnefndar Aftur-

eldingar. Þorrablótið hefur verið einn stærsti viðburður Aftureldingar undanfarin ár og er óhætt að fullyrða að blótið setji sinn svip á bæjarlífið í Mosfellsbæ í janúar á ári hverju.

„Við fórum af stað með þorrablótið í þeirri mynd sem það er núna árið 2007. Hanna Símonardóttir kom að máli við mig og hvatti sérstaklega til þess að þorrablótið yrði endurvakið. Þá hafði blótið legið í dvala í nokkur ár. Við fórum af stað og það kom

strax mjög góður hópur fólks inn í nefndina sem hefur meira og minna haldið utan um þetta síðustu ár. Þetta sló strax í gegn því það komu yfir 550 manns á fyrsta blótið,“ segir Rúnar Bragi sem verið hefur forseti nefndarinnar síðasta áratuginn.

„Þetta er og verður líklega áfram stærsta fjáröflun ársins fyrir barna- og unglíngastarf Aftureldingar. Það er frábært þegar hægt er styrkja okkar flotta íþróttafélag með viðburði sem sameinar alla Mosfellinga. Flestir í nefndinni ætla að halda áfram. Stefnan er að byggja ofan á þennan frábæra viðburð og halda í þær góðu hefðir sem okkur hefur tekist að skapa.“

„Stefnan er að byggja ofan á þennan frábæra viðburð og halda í þær góðu hefðir sem okkur hefur tekist að skapa.“

Geir Rúnar Birgisson, fyrrum sundmaður, er formaður meistaraflokksráðs karla í knattspyrnu

Vil gjarnan gefa til baka til félagsins

„Ég vildi gjarnan gefa eitthvað til baka til félagsins fyrir öll þau ár sem ég stundaði fótbolta með því. Auk þess hef ég lengi fylgst með fótboltanum sem foreldri og vildi stýðja við það starf sem hér hefur verið unnið með von um að okkur reynist mögulegt að halda betur í þann mikla efnivið sem félagið hefur.

Því miður hafa of margir ungir leikmenn yfirgefið okkur og gengið til liðs við önnur lið. Öðrum þræði þá vil ég freista þess að sporna við þeirri þróun,“ segir Geir Rúnar Birgisson sem tók við formennsku í meistaraflokksráði karla í knattspyrnu fyrir um ári.

Áður hafði Geir Rúnar setið í stjórn sunddeildar Aftureldingar. „Mig langar til þess að leggja mitt af mörkum svo við getum byggt upp betri aðstöðu fyrir fótboltann hér í sveitinni þannig að við eigum samkeppnishæfara lið sem um leið býr við almennilega aðstöðu,“ sagði Geir Rúnar sem þykir eins og fleirum aðstaða til knattspyrnuíðkunar og félagsstarfa henni tengdri ekki vera eins og best verður á kosið hér í bæ.

Afreksmaður í sundi og knattspyrnu

Geir Rúnar þekkir vel til. Hann stundaði íþróttir áratugum saman með Aftureldingu. Fyrst í knattspyrnu en síðar í sundi þar sem hann náði afbragðsárangri á landsvísi áður en hann hætti tvítugur árið 1994 að stunda keppnisund. Þá tók hann upp þráðinn í fótboltanum og lék með meistaraflökki Aftureldingu fram á fjórða ár ald- arinnar þegar hann lagði skóna á

„Ég tel okkur hafa það sem þarf til þess að glíma við flest þau lið sem í deildinni eru.“

hilluna, m.a. eftir að hafa leikið eitt tímabil með Aftureldingu í næstefstu deild. Geir Rúnar var valinn íþróttakarli Aftureldingar árið 2001. Afturelding vann sig upp í næstefstu deild á síðasta hausti. Fram undan er því spennandi keppnistímabil hjá karlaliðinu undir stjórn Arnars Hallssonar þjálfara sem einnig stýrði því á síðasta tímabili. Markið er sett á að festa Aftureld-



GEIR RÚNAR VAR VALINN ÍÞRÓTTAKARLI AFTURELDINGAR ÁRIÐ 2001

KARATEDEILD AFTURELDINGAR

Afreksstarf í blóma

Karatedeildin var stofnuð árið 1997 og er í dag orðin rótrógrín íþróttadeild innan Aftureldingar. Í upphafi árs 2015 varð bylting á aðstöðu deildarinnar þegar tekinn var í notkun nýr bardagasalur að Varmá sem er nýttur undir karate og taekwondo. Hver deild hefur sinn 12x12 m völl og er aðstaðan ein sú besta hérlendis. Það hefur skilað því að deildin er í dag ein öflugasta karate-deild Íslands. Anna Olsen er formaður deildarinnar og hefur lengi verið í fararbroddi innan hennar.

„Deildin stendur ágætlega fjárhagslega og er starfsemin stöðug. Aðstaðan er góð þrátt fyrir að enn megi gott bæta. Iðkendafjöldinn hefur í gegnum árin verið á bilinu 50-65 á öllum aldri. Deildin er einnig með nokkra fullorðna iðkendur sem hafa æft í mörg ár hjá félaginu. Áhyggjuefni er þó fækkun iðkenda sérstaklega í yngstu flokkunum,“ segir Anna. Hún þjálfar einnig við deildina en yfirþjálfari er Willem Verheul.



Ungt A-landsliðsfólk

Feikilega gott afreksstarf er unnið í deildinni og sést það best að þau Oddný Þórarinsdóttir og Þórður Henryrsson voru valin til að æfa og keppa með A-landsliðinu í kata. „Þau hafa farið í margar keppnisferðir erlendis og hlotið verðlaun í þeim ferðum. Nú síðast í mars þegar Oddný hlaut silfurverðlaun á sterku móti í Svíþjóð,“ segir Anna sem er spennit fyrir framlöginu. „Deildin hefur mikinn áhuga á að kynna íþróttina betur í bæjarfélaginu og fjölga iðkendum. Karate er einstaklingsíþrótt sem miðar að því að auka styrk, þol, liðleika og sjálfsöryggi iðkenda.“

Allar upplýsingar um félagið:
www.afturelding.is

Valdimar Leó Friðriksson er formaður UMSK • Var framkvæmdastjóri Aftureldingar á árunum 1994-2005

Fjölbreytni og samvinna nauðsynleg

Á gæta forystusveit Aftureldingar, iðkendur, félagsmenn og Mosfellingar allir.

Á eitthundrað og tíu ára afmæli Aftureldingar færi ég ykkur öllum heillaóskir frá Ungmennasambandi Kjalarnesþings.

Ungmennafélagið Afturelding á sér merka sögu. Hún verður ekki rakin hér en rétt er að minna á að fyrir 96 árum átti félagið frumkvæði að því að stofna UMSK.

Afturelding hefur dafnað vel á þessum 110 árum og er í dag eitt af 6 stærstu íþróttafélögum landsins og jafnframt það fjölbreyttasta þegar kemur að fjölda íþróttageina sem félagið býður upp á. En það



munum við nálgast þau. Fjölbreytni og samvinna eru nauðsynleg í íþróttafélögum og

er einmitt fjölbreytnin sem eykur líkur á að börn og unglingar finni sér farveg.

Við skulum því hiklaust leyfa okkur að horfa bjartsýn til framtíðar, bjartsýn en raunse og hógvær um leið. Hvaða siði og venjur þurfum við að halda í? Hvað hefur gefist vel, hvað miður? Hvað ber að varast? Við þessum spurningum eru engin einhlíf svör, en með samvinnu

Fimleikadeild Aftureldingar er 20 ára í ár • Mikið vatn runnið til sjávar á tveimur áratugum

Lyft grettistaki í tækjabúnaði

Fimleikadeild Aftureldingar fagnar 20 ára afmæli í ár. Deildin var stofnuð árið 1999 og er í dag næstfjölmenn-asta íþróttagrein innan Aftureldingar með tæplega 300 iðkendur.

Metnaðarfullt starf er unnið innan fimleikaeildarinnar og hafa margir mjög frambærilegir fimleikamenn og konur komið úr röðum Aftureldingar. Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá því deildin hóf starfsemi. Eftir árallanga baráttu fyrir bættri aðstöðu deildarinnar varð fimleikahús að veruleika árið 2014 sem verið hefur heimili fimleikaeildarinnar æ síðan.

Slógu tvær flugur í einu höggi

„Í aðdraganda sveitastjórnarkosninga vorið 2006 bauð Afturelding öllum frambjóðendum til fundar þar sem aðstöðumál félagsins voru til umræðu. Sem þáverandi formaður fimleikaeildarinnar bað ég fundarmenn að sjá fyrir sér að að risið yrði fimleikahús að Varmá að tveimur kjörtímabilum liðnum,“ segir Eva Magnúsdóttir sem var formaður deildarinnar frá 2004 til ársins 2013.

„Elstu keppnisflokkunum gekk mjög vel og unnu reglulega til verðlauna en svo fór aðstöðuleysið að há okkur og stóru félögin tóku fram úr okkur. Bygging á fimleikahúsi var sett í forgang og það var mjög ánægjuleg stund þegar okkur var tilkynnt síðla árs árið 2011 af bæjarsjórn Mosfellsbæjar að það ætti að slá tvær flugur í einu höggi með því að byggja aðstöðu fyrir fimleika og bardagaíþróttir að Varmá.

Það er einstakt að fimleikadeild hafi fengið svo fína aðstöðu eftir aðeins 14 ára starfsemi,“ segir Eva á þessum tímamótum.

Menntun þjálfara og endurnýjun tækjabúnaðar

Erla Edvardsdóttir er formaður fimleikaeildarinnar í dag þegar deildin fagnar 20 ára afmæli. „Við höfum lagt mikla áherslu á að mennta þjálfara deildarinnar sem margir hverjir eru ungir en gríðarlega efnilegir. Það á eftir að skila sér til framtíðar,“ segir Erla. Á síðustu árum hefur tækjakostur deildarinnar verður endurnýjaður til muna.

„Á þessu afmælisári mun deildin í fyrsta sinn getað státað sig af því að eiga allan þann búnað sem þörf er á til að geta haldið mót í hvaða flokki sem er án aðkomu annarra félaga.




ERLA EDVARSDÓTTIR FORMAÐUR FIMLEIKAEILDAR AFTURELDINGAR

Þetta gerir það að verkum að hægt er að iðka fimleika hjá Aftureldingu við bestu mögulegu aðstæður og er það okkar von að uppbygging deildarinnar haldi áfram. Við stefnum að því að vera með keppendur frá 5. flokki og upp í meistaraflokka.“

Danskir fimleikapjálfarar í heimsókn

Yfir 20 þjálfarar starfa hjá fimleikadeild Aftureldingar en deildin hefur stækkað ört á undanföllum árum. „Við munum fá tvo frábæra fimleikapjálfarar frá Ollerup lýðháskólanum í Danmörku í heimsókn til okkar í lok annar,“ segir Erla. „Þeir munu halda námsskeið fyrir bæði iðkendur og þjálfarara sem við bindum miklar vonir við. Að námsskeiði loknu verður blásið til veislu þar sem við fögnum saman þessum merka áfanga fimleikaeildar Aftureldingar.“

“Við höfum lagt mikla áherslu á að mennta þjálfara deildarinnar sem margir hverjir eru ungir en gríðarlega efnilegir.”



Iðkendum Aftureldingar fjölga mikið • Knattspyrnudeildin er stærst

Fjöldi iðkenda 2009-2019

Samhliða örum vexti Mosfellsbæjar á síðastliðnum 10 árum hefur iðkendum hjá Aftureldingu fjölgað mikið og eru nú um 1.600 talsins.

Íbúafjöldi árið 2009 var 8.400 en er nú rúmlega 11.400.

Þannig hefur iðkendum hjá félaginu fjölgað um

nær helming á sama tíma og íbúum hefur fjölgað um ríflega þriðjung.

Knattspyrnudeildin er stærsta deild félagsins með tæplega 600 iðkendur eða um 38% iðkenda. Næstar koma fimleika- og handknattleiksdeildirnar en þær eru með rúmlega 300 iðkendur hvor.

LANDSLIÐSFÓLK AFTURELDINGAR



Eftirtaldir iðkendur hjá Aftureldingu voru valdir í landsliðsverkefni á árinu 2018.

» HANDBOLTI

B – landslið: Elvar Ásgeirsson U -20: Þóra Guðný Arnardóttir U-19: Tumi Steinn Rúnarsson, Þóra María Sigurjónsdóttir, Björgvin Franz Björgvinsson, Egill Már Hjartarson og Eva Dís Sigurðardóttir U-18: Ágúst Atli Björgvinsson og Kristófer Karlsson.

» KNATTSPYRNA

Eva Rut Áspórsdóttir U-19 Inga Laufey Ágústsdóttir U-17 Cecilia Rán Rúnarsdóttir U-17 og U-16 Hafþrún Rakel Halldórsdóttir U-17 og U-16 Ísak Snær Þorvaldsson U-19 Arnór Gauti Jónsson U-17 Róbert Orri Þorkelsson U-17 Eyþór Aron Wöhler U-17 Jökull Andrésson U-17 Arnór Breki Áspórsdóttir U-21 Axel Andrésson A-landslið og U -21

» BLAK

U-16: Sunneva Björk Valdimarsdóttir og Rebekka Sunna Sveinsdóttir. U-17: Daniela Grétarsdóttir, Valdis Unnur Einarsdóttir og Sigvaldi Örn Óskarsson. U-19: Steinunn Guðbrandsdóttir. U-20: Hilmir Berg Halldórsson, Ólafur Örn Thoroddsen, Valens Torfi Ingimundarson, Sigvaldi Örn Óskarsson, Kjartan Davíðsson og Eduard Canstantin Bors. A-landslið: Sigdís Lind Sigurðardóttir, Valens Torfi Ingimundarson, Felix Þór Gíslason.

» TAEKWONDO

Íðunn Anna Eyjólfsdóttir, Ásthildur Emma Ingileifardóttir, Wiktor Sobczynski, Vigdís Helga Eyjólfsdóttir, Selma Jónsdóttir og María Guðrún Sveinbjörnsdóttir.

» KARATE – KATA

Oddný Þórarinsdóttir og Þóroður Jökull Henryrsson.

» FIMLEIKAR

Alexander Sigurðsson - þjálfari.



Knattspyrna hefur verið stunduð við ýmsar aðstæður að Varmá í gegnum tíðina. Hér er mönnum farið að hitna undir hálfleiksæðu þjálfarans. Myndin er af 3. flokki karla og tekin í mars 2012.

Í GEGNUM LINSUNA

Ljósmyndarinn Raggi Óla hefur fangað mörg ógleymanleg augnablik



Hér má sjá Mosfellingana Þránd Gíslason og Elvar Ásgeirsson í viðtali eftir leik Aftureldingar og ÍR. Menn eru mishressir í leikslok.



Maggi.net og strákarnir fagna vel og innilega fallegu marki.



Einlæg gleði hjá þessum stúlkum á jólasýningu fimleikaeildarinnar 2012.



Goggi Galvaski afhenti viðurkenningar fyrir góðan árangur sumarið 2013.



Ungur nemur, gamall temur.



Rothöggið lætur í sér heyra, svona stuðningmenn eru mikilvægir félaginu á ögurstundu.



Bikarmeistaratitillinn hjá blakstelpunum í höfn árið 2015. Skemmtileg stemning í sturtunni.

HANNA SÍMONARDÓTTIR Í HEIMSÓKN
HJÁ LIVERPOOL AKADEMIUNNI

Mikill áhugi á Liverpool-skólanum sem haldin er árlega af Aftureldingu

Þjálfarar Liverpool mjög ánægðir með umgjörðina

Liverpool-skólinn verður haldinn í samstarfi við Aftureldingu í nýunda sinn nú í júní mánuði.

Skólinn hefur stækkað og dafnað og nú koma 16 þjálfarar frá Liverpool til þess að sýna íslenskum fót-bolltasnillingum hvernig þjálfunin fer fram hjá þessu fornfæga félagi.

Gera má ráð fyrir að iðkendur í ár verði rúmlega 350 talsins, en skólinn er haldinn hér í Mosfellsbæ og á Akureyri í samvinnu við Þór. Undanfarin ár hefur verið uppselt í skólann í Mosfellsbæ.

Hugmyndin kvikaði á Barbados

Hanna Símónardóttir, einn af virkustu sjálfbóðalið-um Aftureldingar, segir að hugmyndin hafi kviknað eftir samtal við Guðjón Svanson. Drengirnir hans höfðu farið í Liverpool-skóla á Barbados þegar fjölskyldan var í heimsreiðu.

„Skömmu seinna er ég á leiðinni á leik í Liverpool og Gaui fékk þjálfarana sem hann hafði kynnst á Barbados til þess að hitta mig, en sá þjálfari var kominn í fullt starf hjá Liverpool Academy.“

Í stuttu máli þá samþykkti hann að skólinn kæmi til prufu einu sinni. Nú árum seinna er hann ennþá í fullum gangi,“ segir Hanna sem er mjög stolt af Liverpool-skólanum í Mosfellsbæ.

Frábær ávinningur fyrir alla

„Skólinn er lítill á þeirra mælikvarða en þeir eru ánægðir með hvernig þetta gengur og hvernig við gerum hlutina. Þriggja ára reynslutíma lauk og við fengum langtímasamning. Þjálfarar Liverpool, iðkendur og foreldrar eru ánægð með okkur.“

Að geta gefið íslenskum krökkum tækifæri á því að sækja æfingar hjá knattspyrnskóla frá jafn sögufrægu, virtu félagi og Liverpool er frábær ávinningur fyrir Aftureldingu og Mosfellsbæ. Við eigum frábærara þjálfara en öll fjölbreytni er frábær og að krakkarnir fái að kynnast hugarfari erlendra þjálfara er ómetanlegt.“

Með Liverpool í blóðinu

Sjálf er Hanna líklega ein af hörðustu stuðningmönnum Liverpool á Íslandi og fer reglulega á leiki liðsins á Anfield. Hún segir fáa trú á þegar hún útskýrir að á tíma hafi hún ekki fylgst mikið með liðinu, enda hafi mikið verið að gera í barnaupveldi og lífinu.

„Það var elsti sonur minn sem reddaði þessu þegar hann kom heim úr skólanum einn daginn og gólaði úr forstofunni að Liverpool væri besta liðið og hann héldi með þeim. Þá datt ég aftur í gírinn og hef vart misst úr leik síðan,“ segir þessi kraftmikla kona að lokum.

„Þriggja ára reynslutíma lauk og við fengum langtímasamning.“

SUNDDEILD AFTURELDINGAR

Sunddeildin á ný í gömlu góðu Varmárlaug

Það hefur gengið upp og ofan hjá sunddeild Aftureldingar undanfarin ár en eftir töluverða endurskipulagningu á starfi deildarinnar síðasta vor er deildin komin á gott skrið.

„Við fengum nýja þjálfara til okkar í haust, með þeim kom ný sýn á starfið og öðruvísi markmið. Vel hefur gengið að fjölga iðkendum á nýjan leik. Nýjasta viðbótin við deildina eru sundskóli Aftureldingar og skriðsundsnámskeið fyrir fullorðna. Skráning hefur gengið vel á öll námskeiðin, svo vel að bætt var við einu skriðsundsnámskeiði undir vorið. Það besta við skriðsundsnámskeiðin er líklega það að þau eru kennd í Varmárlauginni gömlu góðu,“ segir Jón Ágúst Brynjólfsson, formaður sunddeildarinnar.



„Sundskólinn er skemmtileg viðbót við deildina þar sem börn af elstu stigum leikskólans koma saman, venjast vatninu og læra sín fyrstu sundtök,“ segir Jón Ágúst sem bætir við að nóg sé af verkefnum í deildinni.

„Elstu krakkarnir eru á leið í æfingaferð til Spánar í ágúst og töluverð eftirvænting fyrir því verkefni. Yngri iðkendur er að fjölga aftur eftir smá lögð. Þau voru með æfingabúðir nú í vetur sem gengu vonum fram.“

KÖRFUKNATTLEIKSDEILD AFTURELDINGAR

Körfuboltinn í örum vexti

„Það hefur orðið töluverð fjölgun hjá okkur á undanfögnu ári og ljóst að körfuboltinn er að festa sig í sessi í Mosfellsbæ,“ segir Ingvar Ormarsson, formaður körfuknattleiksdeildar Aftureldingar. Um 70 börn stunda körfubolta með Aftureldingu og tók iðkendafjöldinn nokkurn kipp á árinu 2018.



„Það er góður hópur foreldra sem heldur utan um starfið og við finnum fyrir miklum meðbyr. Við sendum t.d. í fyrsta sinn stelpulið til keppni í vetur sem er stór áfangi fyrir okkur,“ segir Ingvar.

„Næsta verkefni er mótaöld en með auknum iðkendafjölda verða meiri kröfur um að við tökum að okkur að halda mót. Við erum mjög spennt fyrir því verkefni og teljum að körfuboltinn geti vaxið töluvert í Mosfellsbæ.“

Hátíðar aðalfundur Aftureldingar

Í HLÉGARÐI FIMMTUDAGINN 11. APRÍL KL. 20:00

Aðalfundur Ungmennafélagsins Aftureldingar mun fara fram 11. apríl næstkomandi í Hlégarði. Um sérstakan hátíðaraðalfund er að ræða en þennan sama dag fagnar félagið 110 ára afmæli.

Frú Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, mun ávarpa gesti fundarins af þessu tilefni.

Auk formlegrar dagskrár verða frábær tónlistatriði. Boðið verður upp á léttar veitingar.

Aftureldingarfólk er hvatt til að mæta til fundarins ásamt Mosfellingum öllum.

Þennan sama dag kl. 12.00 verður nýtt og glæsilegt merki félagsins afhjúpað við innkeyrsluna að Varmá. Boðið verður upp á Aftureldingarköku í íþróttahúsinu í tilefni afmælis félagsins.

Aðalstjórn Aftureldingar

